

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 1990

8. júní 1990

565

Nr. 233

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt,
með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 101/1990, orðist svo:
Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	66 818	2800-2999	109 841
1000-1999	85 408	3000-3199	114 728
2000-2199	90 295	3200-3399	119 615
2200-2399	95 182	3400-3599	124 501
2400-2599	100 068	3600-3799	129 388
2600-2799	104 955	3800-3999	134 274

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	86 863	2800-2999	142 794
1000-1999	111 031	3000-3199	149 146
2000-2199	117 383	3200-3399	155 499
2200-2399	123 662	3400-3599	161 851
2400-2599	130 089	3600-3799	168 204
2600-2799	136 441	3800-3999	174 557

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 101/1990, orðist svo:
Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0- 4,9	4,58	15,0-15,9	9,74
5,0- 5,9	4,88	16,0-16,9	10,52
6,0- 6,9	5,27	17,0-17,9	11,28
7,0- 7,9	5,52	18,0-18,9	11,97
8,0- 8,9	5,77	19,0-19,9	12,88
9,0- 9,9	6,03	20,0-20,9	13,56
10,0-10,9	6,40	21,0-21,9	14,34
11,0-11,9	6,64	22,0-22,9	15,25
12,0-12,9	7,47	23,0-23,9	15,97
13,0-13,9	8,18	24,0-24,9	16,70
14,0-14,9	9,05	25,0 og þyngri	17,51

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 5/1987, öðlast gildi 1. júlí 1990.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó gildi strax að loknu 2. álesturstímabili en því lýkur á tímabilinu 20. maí til 10. júní 1990, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 2. álesturstímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 8. júní 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

Nr. 234

20. maí 1990

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1989, um Unglingaheimili ríkisins.

9. gr. orðist svo:

Séu unglingar vistaðir af barnaverndaryfirvöldum greiðir viðkomandi sveitarfélag daggjöld. Vegna vistunar lögreglu og vegna vistunar á deild fyrir vímuefnaneytendur, greiðast daggjöld og annar kostnaður úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. maí 1990.

Svavar Gestsson.

Örlygur Geirsson.